



Borgarráð

Reykjavík, 28. apríl 2026

Málsnúmer: MSS25100158

Tillögur stýrihóps um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur stýrihóps um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða, dags. 7. apríl 2026.

1. Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnaður verði viðburðapottur með fjármagni fyrir aðila og samtök til að sækja um í til að stuðla að sjálfssprottinni þátttöku almennings í viðburðinum –Viðburðarpottur menningarnætur væri fyrirmynd. Markmiðið væri að ýta undir fjölda smáviðburða á vegum einstaklinga, safna og listhópa sem fram færu í kringum afmælið og yrðu auglýstir miðlægt á vegum borgarinnar. Mælt er með að umsjón þessa viðburðapotts verði falin skrifstofu samskipta og viðburða og fjárhæð hans næmi 2.500.000 kr.
2. Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa eftirfarandi tillögu til menningar- og íþróttasviðs til afgreiðslu: Reykjavíkurborg og menningarstofnanir hennar standi fyrir smærri verkefnum til að vekja athygli á Höfða fundinum. Þar á meðal ljósmyndasýning á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur í almannarýminu og sérstök kynning í tengslum við útgáfu bókar Sögufélags um sögu leiðtogafundarins sem nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar. Til greina kemur einnig að framleiða kennslufni samhliða bók Sögufélagsins um sögu leiðtogafundarins sem verði dreift í grunnskóla borgarinnar.
3. Lagt er til að borgarráð samþykki að Borgarsögusafni í samráði við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að endurnýja söguhornið um leiðtogafundinn sem staðsett er í Höfða og koma fyrir sögumerkingu um leiðtogafundinn í umhverfi Höfða í samstarfi við Borgarsögusafn. Kostnaðarmat er 1.500.000 kr. og verði tekinn af liðnum ófyrirséð.
4. Lagt er til að borgarráð samþykki að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að bjóða uppá opið hús í Höfða fyrir almenning á völdum dagsetningum og innan þess ramma sem húsnæðið ber. Kostnaður af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
5. Lagt er til að borgarráð samþykki að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að leita leiða svo hægt verði að ráðast í brýnar úrbætur á Höfða og skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu falið að vinna áætlun um þær. -Skal þar sérstaklega hugað að aðgengismálum en einnig að bæta salerni, aðstöðu í kjallara og komast fyrir raka. Tillögur ásamt kostnaðaráætlun verði lagðar fyrir Borgarráð.



Reykjavík



6. Lagt er til að borgarráð samþykki að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að skoða samstarf við Höfða friðarsetur um samstarf í tengslum við 10 ára afmæli stofnunarinnar og að hin árvissa ráðstefna Höfða verði haldin í Tjarnarsal Ráðhússins – sem falli saman við opnun kjarnorkuvopnasýningarinnar frá Hírósíma. Kostnaður allt að 1.250.000kr sem kemur af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Reykjavíkurborg er friðarborg og við hæfi að vekja athygli á heimsatburði sem átti sér hér stað fyrir 40 árum þegar leiðtogafundur var haldinn í Höfða þar sem samtal varð upphafið að afvopnunarsamningum.

Stýrihópur um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þessa var skipaður af borgarráði 6. nóvember 2025. Honum var falið að móta hugmyndir um hlutverk Reykjavíkurborgar í tengslum við fyrirhugaða markaðssetningu vegna tilefnisins. Jafnframt var honum falið að leggja fram tillögur um hvernig borgin geti með markvissum hætti haldið á lofti mikilvægi leiðtogafundarins og undirstrikað ímynd Reykjavíkur sem friðar- og samræðuvettvangs á alþjóðavísu.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillögur stýrihóps um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða, dags. 7. apríl 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Stýrihópur um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða

Reykjavík, 7. apríl 2026

Málsnúmer: MSS25100158

Efni: Tillögur um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða

Tillögur

Þann 6. nóvember 2025 skipaði borgarráð stýrihóp um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða. Hópurinn gerir eftirfarandi tillögur varðandi aðkomu Reykjavíkurborgar að tilefninu:

1. Stofnaður verði viðburðapottur með fjármagni fyrir aðila og samtök til að sækja um í til að stuðla að sjálfssprottinni þátttöku almennings í viðburðinum – Viðburðarpottur menningarnætur væri fyrirmynd. Markmiðið væri að ýta undir fjölda smáviðburða á vegum einstaklinga, safna og listhópa sem fram færu í kringum afmælið og yrðu auglýstir miðlægt á vegum borgarinnar. Mælt er með að umsjón þessa viðburðapotts verði falin skrifstofu samskipta og viðburða og fjárhæð hans næmi 2.500.000 kr.
2. Reykjavíkurborgar og menningarstofnanna hennar standi fyrir smærri verkefni til að vekja athygli á Höfða fundinum. Þar á meðal ljósmyndasýning á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur í almannarýminu og sérstök kynning í tengslum við útgáfu bókar Sögufélags um sögu leiðtogafundarins sem nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar. Til greina kemur einnig að framleiða kennsluefni samhliða bók Sögufélagsins um sögu leiðtogafundarins sem verði dreift í grunnskóla borgarinnar. Menningar- og íþróttasviði er falið að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd. Kostnaðarmat er 3.000.000 kr.
3. Einnig verði menningar- og íþróttasviði í samráði við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að endurnýja söguhornið um leiðtogafundinn sem staðsett er í Höfða og koma fyrir sögumerkingu um leiðtogafundinn í umhverfi Höfða í samstarfi við Borgarsögusafn. Kostnaðarmat 1.500.000 kr.
4. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að bjóða upp á opið hús í Höfða fyrir almenning á völdum dagsetningum og innan þess ramma sem húsnæðið ber.
5. Einnig verði skrifstofunni falið að leita leiða svo hægt verði að ráðast í brýnar úrbætur á Höfða og skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu falið að vinna áætlun um þær. Skal þar sérstaklega hugað að aðgengismálum en einnig að bæta salerni, aðstöðu í kjallara og komast fyrir raka. Kostnaðaráætlun bíður seinni tíma samþykktar.
6. Lagt er til að veita viðbótarstuðning við Höfða friðarsetur í tengslum við 10 ára afmæli stofnunarinnar og bjóða uppá að hin árvissa ráðstefna Höfða verði haldin í Tjarnarsal Ráðhússins – sem falli saman við opnun kjarnorkuvopnasýningarinnar frá Hírósíma. Lagt er til auka 10% stuðning fyrir stuðningsárið sem samsvarar 1.250.000kr auka fjárveitingu.



Greinargerð:

Fundur þeirra Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Míkhaíls Gorbatsjov leiðtoga Sovétríkjanna í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 vakti heimsathygli og er almennt talinn til stóratburða í samtímasögu Íslands. Í tilefni af yfirvofandi 40 ára afmælis leiðtogafundarins samþykkti borgarráð þann 6. nóvember sl. að skipa stýrihóp til að skilgreina og undirbúa hlutverk Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra viðburða af þessu tilefni, en einnig að leiða saman ólíka hagsmunaaðila og -hópa sem og að finna leiðir fyrir borgina til að nýta tækifærið og undirstrika ímynd Reykjavíkur sem friðar- og samræðuvettvangs á alþjóðavísu.

Borgarráðs skipaði þau Stefán Pálsson (formaður), Andrea Helgadóttir og Friðjón R. Friðjónsson. Sindri Freyr Ásgeirsson frá skrifstofu borgarstjóra & borgarritara, og Guðmundur Birgir Halldórsson frá skrifstofa samskipta og viðburða og Arnfríður S. Valdimarsdóttir frá Menningar- og íþróttasviði sátu einnig í hópnum. Hópurinn hélt allmarga fundi og vann tillögur sem kynntar eru í skýrslunni.

Bakgrunnur

Leiðtogafundurinn í Höfða 1986 markaði mikilvæg tímamót í lokakafli Kalda stríðsins. Hann var haldinn í skugga kjarnorkuógnarinnar þar sem almennur ótti var ríkjandi um að risaveldin tvö kynnu að tortíma veröldinni í gjöreyðingarstríði sem brotist gæti út af yfirlögðu ráði eða af slysi. Tilgangur fundarins var að freista þess að koma böndum á vopnakauphlaupið og ná samkomulagi um afvopnun. Óhætt er að segja að augu umheimsins hafi beinst að Íslandi þessa októberdaga í kringum fundinn og þótt vonin um sögulegt samkomulag í Reykjavík hafi brugðist er litið svo á að í Höfða hafi verið lagður grunnur að þeim afvopnunar samningum og bættum samskiptum stórveldanna sem fylgdu í kjölfarið.

Ákvörðunin um Reykjavík sem fundarstað kom eins og þruma úr heiðskíru lofti og raunar var álitamál hvort Ísland hefði bolmagn til að hýsa atburð af þessari stærðargráðu, hvað þá með örskömmum fyrirvara. Fundurinn markaði djúp spor í þjóðarsálinu og skildi eftir fjölda minninga. Til marks um mikilvægi fundarins má nefna að erlend stórmynd um atburði hans bíður frumsýningar, unnið er að íslenskum heimildarþáttum fyrir sjónvarp og von er á sagnfræðiriti um Höfðafundinn og Kalda stríðið í sögu Reykjavíkur.

Fundarstaður leiðtoganna var ákveðinn Höfði, móttökuhús Reykjavíkurborgar en mikilvæg þungamiðja skipulagningar var við Hagatorg í Vesturbæ, þar sem Hótel Saga, Háskólabíó, Hagaskóli og Melaskóli komu mikið við sögu.



Vinna hópsins

Hópurinn kom saman á sjö fundum og fundaði með fjölda aðila. Þeim var háttað sem hér segir:

1. fundur - 13. nóvember

Fundur þar sem vinna hópsins var skipulögð og verkefni skilgreind.

2. fundur - 25. nóvember

Gestir: Anna Karen Kristinsdóttir, umjónarkona Höfða & Pia Elizabeth Hansson og Auður Birna Stefánsdóttir frá Höfða friðarsetri.

Rætt um sögu Höfða, nýtingarmöguleika og viðhaldspörf. Brún þörf er á umbótum á húsinu, jafnt til skemmtir og lengri tíma. Þá er lítil sögusýning tengd leiðtogafundinum á efri hæð hússins löngu úr sér gengin. Höfði friðarsetur er samstarfsaðili Reykjavíkurborgar og skipuleggur ár hvert ráðstefnu um friðarmál sem fellur bæði saman við afmæli leiðtogafundarins og tendrun Friðarsúlunnar. Vilji er til að gera ráðstefnuna sérlega veglega vegna þessara tímamóta og tengja hana Reykjavíkurborg með sem bestum hætti.

3. fundur - 9. desember

Gestir: Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari.

Rætt um mögulega aðkomu menningarstofnanna Reykjavíkurborgar að afmælinu, einkum horft til Ljósmyndasafns Reykjavíkur og ljósmyndastanda þess í miðborginni. Menningarmerkingar í grennd við Höfða og sögusýningin þar gætu hentað í samstarf við Borgarsögusafnið.

Forsetaembættið leggur ríka áherslu á friðarmál og hefur í gegnum tíðina verið í samstarfi við Höfða friðarsetur um hvers kyns ráðstefnuhald. Embættið hefur jafnframt haft milligöngu um að flutt verði inn sýning frá Japan um hörmungar kjarnorkuárásanna á Hírósíma og Nagasakí sem sett yrði upp í Ráðhúsinu í kringum afmæli fundarins.

4. fundur - 16. desember

Gestur: Davíð Logi Sigurðsson fulltrúi utanríkisráðuneytisins

Ráðuneytið kynnti viðhorf sín og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem nú þegar eru áformuð á vegum Stjórnarráðsins og sendiráðs Íslands í Washington.

Utanríkisráðuneytið er reiðubúið til að greiða fyrir ráðstefnuhaldi á vegum forsætaembættisins og Höfða friðarseturs, en óskar þess jafnframt að vera haft með í ráðum varðandi stærri alþjóðlega viðburði.

5. fundur - 6. janúar

Gestur: Ásgerður Ásgeirsdóttir, starfandi framkvæmdastjóri Arctic Circle

Starfsemi Arctic Circle-ráðstefnunnar kynnt en það verður að þessu sinni haldið dagana 8.-10. október og fellur því vel að afmælinu, sem felur í sér ýmis tækifæri til samstarfsverkefna, s.s. í tengslum við málstofur og atburði í Höfða.



6. fundur - 20. janúar

Gestir: Álfrún Pálsdóttir frá Íslandsstofu & Halldór Hilmisson og Árni Þór Jónsson frá Framleiðslufyrirtækinu Republik.

Íslandsstofa sér ýmis tækifæri til markaðssetningar í tengslum við afmæli fundarins og vinnur nú þegar náð með utantíkisráðuneytinu að almannatengslum erlendis. Republik vinnur að heimildarþáttum um Höfðafundinn þar sem megináherslan er á samfélagsleg áhrif fundarins hér heima fyrir. Þættirnir verða sýndir á RÚV, en vilji er til að skipuleggja frumsýningu á þeim í kvikmyndahúsi sem gæti orðið hluti af stærri dagskrá, s.s. með sögugöngum eða málþingi.

7. fundur - 28. janúar

Gestir: Rósa Magnúsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingar við Háskóla Íslands og tengiliðir við Sögufélag og Sagnfræðingafélag Íslands.

Rósa vinnur um þessar mundir að bók um sögu leiðtogafundarins sem gefin verður út af Sögufélagi með stuðningi Reykjavíkurborgar og Guðni er sérfræðingur í sögu tímabilsins auk þess að hafa einstaka innsýn í stjórnkerfið sem fv. forseti. Útgáfa bókarinnar mun fela í sér ýmis tækifæri til viðburða. Sagnfræðingasamfélagið er sammála því að Höfði friðarsetur sé í bestri stöðu til að vera flaggskipið í fræðilegu samtali um fundinn.

Auk framantalinna funda hafa hópnum borist óformleg erindi frá eftirtöldum aðilum: Jóhönnu Vilhjálmsdóttur f.h. Spirit of Humanity Forum, sem óska eftir viðræðum um stofnun friðargarðs í Reykjavík. Hrönn Sveinsdóttur f.h. Bíó Paradís o.fl., sem óska eftir aðkomu af Tarkovskí-kvikmyndahátíð á haustmánuðum. Guðna Tómassyni f.h. Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem kynna hugmyndir um tónleikahald tengt afmælinu.